

# Árskýrsla tómstundafulltrúa veturinn 2019-2020

## UNGMENNAPING

Þann 24. október 2019 hélt Ungmennaráð Hornafjarðar ungmennaping þriðja árið í röð. Þinggestir, líkt og undanfarin ár voru krakkar frá áttunda til tíunda bekk grunnskólans ásamt nemendum framhaldsskólans. Þingið tókst afar vel að mati Ungmennaráðs og margar skemmtilegar tillögur komu inn á borð til ráðsins.

Ákveðið var strax í upphafi að þingið yrði með því sniði að fjórar málstofur yrðu í gangi með mismunandi málefnum og að ekki kæmu sérstakir fyrirlesarar með einn stóran fyrirlestur. Þau málefni voru fræðsla og forvarnir, félagslíf, nýbúar og hópefli. Meðlimir ungmennaráðs sáu um málstofurnar en þeir nutu aðstoðar frá nemendaráði FAS.

Þingið hófst með því að nemendum var skipt í hópa um leið og þeir komu inn. Eftir það setti Sigríður Þórunn Þorvarðardóttir, fráfarandi formaður ungmennaráðs, þingið. Að mati ungmennaráðs var þátttakan í hópunum misjöfn. Í sumum hópum var áhuginn mikill en í öðrum var þátttakan dræmari. Nemendur voru í um það bil 20 mínútur í hverri málstofu en þar fengu þeir að segja skoðanir sínar og koma með alls konar hugmyndir. Þegar hóparnir voru búnir að fara í allar málstofurnar var haldið aftur í fyrirlestrarsalinn þar sem að niðurstöður kosninga á nýjum fulltrúum í Ungmennaráð úr grunnskólanum voru kynntar en einnig var sagt frá nýjum fulltrúum úr framhaldsskólanum, Þrykkjunni og Sindra. Kosningar fulltrúa í Ungmennaráð voru haldnar í einni málstofunni og í ár voru það fimm ungmenni grunnskólans sem buðu sig fram og þurfti að kjósa á milli þeirra en þar sem einungis einn bauð sig fram fyrir hönd framhaldsskólans þá var hann sjálfkjörinn.

Eins og áður kom fram, voru hóparnir með margar góðar hugmyndir. Í málstofunni um fræðslu og forvarnir var áberandi að nemendur vildu fá einhvern reyndan til þess að vera með fræðsluna. Einnig vildu nemendur fá fleiri fræðslumyndbönd. Helsta fræðslan sem nemendur vildu var kynfræðsla, læra um mörk og samskipti. Margir sögðust vilja fá kynfræðinginn Siggú Dögg eða vinsælan áhrifavald sem heldur úti Instagram reikningnum „Fávitar“ og fræðir aðra um mörk. Utanaðkomandi fræðsla væri ákjósanlegust.

Í málstofunni um nýbúa var frekar erfitt að fá hópana til þess að tala. Það voru samt margir sem voru sammála um að það þyrfti að upplýsa nýbúa betur um alls konar mál og reyna að koma þeim inn í félagslífið. Flestir í hópnum voru sammála um að þau tækju almennt séð ekki eftir aukningu á nýbúum.

Í félagslífsmálstofunni bar margt á góma. Þar áttu hóparnir að skipuleggja draumaviðburð. Margar frábærar hugmyndir litu dagsins ljós en sem dæmi má nefna paintball-helgi, lazer-tag, flóttaherbergi og hlöðuball. Einnig voru aðrar hugmyndir, svo sem skröpdagur, lærdómsstofa, íþróttaviðburður og LAN.

## UNGMENNARÁÐ

Haustið 2019 urðu mannbreytingar í ungmennaráði eftir kosningar á ungmennanævingi sem og nýir tilnefndir fulltrúar nefnda og íþróttafélaga komu inn. Þess ber þó að geta að nokkrir fulltrúar ungmennaráðs eru að hefja sitt þriðja ár í ungmennaráði og bjóða þau sig árlega fram til setu í ungmennaráð frá mismunandi hópum t.d. Grsk. Hornafjarðar, Umf.Sindra og FAS. Það er því ánægjulegt að vita að þau hafa virkilegan áhuga á því að vinna í ungmennaráði og leita allra leiða til að komast þar inn.

Nýr formaður ungmennaráðs var kosinn og tók Ingunn Ósk Grétarsdóttir við formannssætinu af Sigríði Þórunni Þorvarðardóttur og Íris Mist Björnsdóttir tók við setu í Ungmennaráði Suðurlands af Arndísi Magnúsdóttur og mun Íris sitja í ráðinu í 2 ár. Íris er jafnframt varaformaður Ungmennaráðs Hornafjarðar.

Niðurstöður ungmennanævings voru kynntar fyrir fræðslu- og tómsundanevnd á fundi í desember.

Nýheimar þekkingarsetur hélt KNOW HUBs námskeið í byrjun desember og bauð fulltrúum ungmennaráðs að taka þátt. Þeir fulltrúar sem gátu sótt námskeiðið voru almennt mjög ánægðir með námskeiðið og þóttu vel að því staðið.

Í upphafi árs 2020 var farið að huga að Skuggakosningum samhliða forsetakosningum og ákveðið var að ungmennaráð myndi gera metnaðarfulla könnun um neyslu orkudrykkja barna frá 10 ára aldri fram á framhaldsskólastigið á Höfn. Auglýst var ráðstefnan Ungt fólk og lýðræði sem halda átti dagana 1.-3. apríl.

### COVID og ungmennaráð

Á fundi ungmennaráðs í mars 2020 var ákveðið að fresta fyrirlögn orkudrykkjakönnunarinnar sem leggja átti fram í mars. Ákveðið var að fresta henni fram á haustið þegar skólar verða byrjaðir aftur. UMFÍ frestaði ráðstefnu sinni Ungt fólk og lýðræði.

Apríl 2020 þá var ákveðið að sleppa skuggakosningum þetta árið því ekkert var vitað þá hvernig samkomubanni yrði háttað í júní þegar kosningar fara fram. Ungmennaráð fékk kynningu á loftlagsráðstefnu sem stefnt er að því að halda í haust en það er Nýheimar þekkingarsetur sem stendur fyrir ráðstefnunni í samvinnu við Nemendafélag FAS, unga umhverfissinna, umhverfisfulltrúa sveitarfélagsins og að lokum ungmennaráðs. Áhersla verður lögð á að ná til og vekja áhuga ungs fólks á umhverfis-og loftlagsmálum.

Mái - Ungmennaráð ákvað að leggja fram breytingar á erindisbréfi sínu þar sem farið er fram á það að ungmennanæving verði haldið á tveggja ára fresti í stað þess að halda það á hverju ári eins og verið hefur síðustu þrjú ár. Breytingarnar verða lagðar fram í júní til Fræðslu- og tómsundanevndar.

Júní - það er óhætt að segja að covid setti stórt strik í reikninginn í starfsemi ungmennaráðs líkt og allra annarra. Allt húllumhæ hefur dottið niður í það minnsta fram á haustið. Síðasti

fundur ungmennaráðs var haldin í júní og á þeim fundi var ákveðið að festa dagsetningu til að mála Regnbogastíginn sem síðan var málaður föstudaginn 19.júní.

Fleira verður ekki gert fyrr en ungmennaráð kemur aftur saman í ágúst.

## **VINNUSKÓLI**

Það má með sanni segja að umgjörð um vinnuskólann er ólík því sem áður hefur verið. Kynningar sem tólmstundafulltrúi hefur verið með í grunnskólanum til að kynna vinnuskólann fyrir nemendum féllu niður en í stað þess voru kennarar fengnir til að auglýsa vinnuskólann hver í sínum bekk.

Fjórir flokkstjórar voru ráðnir til starfa en vegna mikillar ásóknar í vinnuskólann varð að bæta tveimur flokkstjórum við en þeir vinna fyrir hádegi með hópum vinnuskólans. Í ár starfa 71 ungmenni í vinnuskólanum frá 7. bekk til 10. bekkjar. Þess má samt geta að einungis eru þrjú ungmenni úr tíunda bekk sem eru í vinnuskólanum.

Fyrri ár hafa öll ungmennin fengið vinnu allan daginn en í sumar fær 7. bekkur vinnu einungis f.h. Þau eru um 21 talsins.

Umf. Sindri fékk til sín 6 ungmenni úr vinnuskólanum til að hjálpa við leikjanámskeið sumarsins en vegna mikillar aðsóknar á leikjanámskeiðin lánuðum við tvo til viðbótar á fyrra júní námskeiðið. Sindri heldur tvö námskeið sem standa yfir 2 vikur hvort í júní og svo halda þeir tveggja vikna námskeið í byrjun ágúst. Í fyrsta sinn eru haldin námskeið fyrir tvo aldursflokka þ.e.: 6 – 8 ára og svo 9-11 ára, vegna þessa lánnum við fleiri ungmenni nú en áður hefur verið gert.

## **ÁHEYRNARFULLTRÚAR NEFNDA**

Ungmennaráð hefur séð um að vera áheyrnarfulltrúar í nefndum sveitarfélagsins. Leita þurfti út fyrir ungmennaráð eftir áheyrnarfulltrúum í einhverjar nefndir en ekki tókst að manna í allra nefndir.

## **FÉLAG ELDRI HORNFIÐINGA**

Lítið samneyti hefur verið við félag eldri Hornfirðinga í ár og hefur tólmstundafulltrúi einungis mætt til þeirra í þrígang vegna funda. Bréfaskriftir/símtöl hafa þó verið örlítið líflegri og einhver viðvik hafa verið unnin fyrir þau.

## **HEILSUEFLANDI SAMFÉLAG – LÝÐHEILSA OG FORVARNIR**

Breytingar urðu á starfsemi varðandi Heilsueflandi samfélag og framkvæmdahóps sem stóð að lýðheilsu og forvörnum. Ákveðið var að sameina þetta tvennt í eitt ráð sem heitir Lýðheilsuráð með því móti fengum við starfandi stýrihóp fyrir Heilsueflandi samfélag og sterkari hóp sem vinnur að lýðheilsu og forvörnum.

Ákveðið var á fyrsta fundi lýðheilsuráðs að taka fyrir svefnvenjur og allt um svefn með fræðslu og könnunum. Bókuðum Dr. Erlu Björnsdóttur til að halda hér fjóra fyrirlestra um

svefn fyrir grunnskóla, framhaldsskóla og almenning. Því miður gat ekki orðið að þessu vegna ástandsins í heiminum og var því þá frestað fram á haust.

Áður en sameining varð á þessum tveimur heilsuefandi þáttum þá var tómsfundafulltrúi búinn að sækja um styrk hjá Lýðheilsusjóði til að koma af stað líkamseflingu hjá eldri borgurum. Við fengum örlítinn styrk sem hljóðaði upp á 300.000 kr. til þess að koma líkamsræktinni af stað. Leitað var eftir menntuðum íþróttakennurum til að sjá um þessa líkamsrækt en ekkert gekk að fá kennara. Við munum því fara aftur af stað með haustinu því styrkurinn stendur okkur til boða út september og ekki er áhugi fyrir því að missa af honum.

Framkvæmdahópur lýðheilsu auglýsti Forvarnardaginn sem er í október á hverju ári og var vel tekið í hann. Foreldrum var sérstaklega boðið að vera með í íþrótt- og tómsfundastarfi barna sinna. „ Forvarnardagurinn er haldinn á hverju hausti í því sem næst öllum grunnskólum landsins og er beint sérstaklega að nemendum í 9. bekk og á 1. ári í framhaldsskólum. Á Forvarnardaginn ræða nemendur um hugmyndir sínar og tillögur um samverustundir með fjölskyldu og æskulýðs- og íþróttastarf, en þetta eru á meðal verndandi þátta gegn áfengi- og vímuefnum“.

Mörg önnur mál voru tekin fyrir hvort fyrir sig þ.e. Heilsuefandi samfélag og svo á vegum framkvæmdahóps lýðheilsu og forvarna.

Unnið er að auka við lýðheilsuvísana hjá Gallup svo við getum beint sjónar að okkar eigin samfélagi varðandi heilsu og heilbrigði en ekki alltaf undir Suðurlandi í heild.

## **FÉLAGSMIÐSTÖÐIN ÞRYKKJAN**

Nýr forstöðumaður var ráðinn í Þrykkjuna í ágúst. Að þessu sinni var um karlkyns forstöðumann að ræða og fengum við því kvenkyns leiðbeinanda með í starfið. Að vísu urðu leiðbeinendur Þrykkjunnar þrír á þessu starfsári því svo virðist sem þær hafa fengið hærra vinnuhlutfall á öðrum stöðum.

Starfsemi Þrykkjunnar var líkt og fyrri ár með sína föstu punkta s.s. söngkeppni á Höfn til að kjósa okkar keppanda sem keppir svo á **USSS**. En USSS var haldin á Selfossi þetta árið. Okkar keppandi komst ekki áfram á stóru söngkeppnina sem haldin er í mars.

**Stíll** átti að vera næsta verkefni félagsmiðstöðvarinnar en nú urðu þau tíðindi að einungis eitt lið skráði sig til keppni. Þá upphófst leit að leiðbeinanda en þar sem allir voru uppteknir varð að falla frá Stíl í fyrsta sinn frá upphafi aðkomu okkar ungmenna að keppninni.

### **Sjá skýrslu forstöðumanns**

Í Þrykkjunni hefur starfsemi Kátakots eldri nemendur (þ.e. 3. og 4. bekkur) verið haldið úti í vetur. Hefur forstöðumaður Þrykkjunnar verið starfsmaður Kátakots í 30% starfi. Þetta starf gekk alveg með ágætum.

## UNGMENNAHÚS

Eins og verið hefur þá hafa ungmenni á aldrinum 16-25 ára aðgang að ungmennahúsi í húsnæði Þrykkjunnar á þriðjudags- og fimmtudagskvöldum. Nemendaráð FAS var duglegt að mæta í ungmennahús fyrir áramót og einnig fékk keppnislið Spurningakeppni framhaldsskólanna að æfa sig þarna. Líkt og öll önnur starfsemi sem var bönnuð hér í mars þá varð engin aðsókn í ungmennahús frá því í mars fram á sumar.

## LOKAORÐ

Það er óhætt að segja að þetta starfsár hefur verið með öðru hætti en fyrr. Sorglegast hefur verið að allar þær uppákomur sem áttu að eiga sér stað 2020 urðu að engu. Það sem mest hefur vantað upp á er umbunin fyrir góða vinnu sér í lagi bæði hjá ungmennaráði sem og Þrykkjuráði en oft hefur eitthvað húllum hæ verið haldið fyrir þau sem þakkir fyrir vel unnin störf yfir vetrartímann.

Ég var næstum búin að gleyma að minnst á Sumarfrístundir 2020

<https://www.hornafjordur.is/media/skjol/sumarfristund-loka.pdf> í þessu hefti sem hægt er að nálgast í netinu eru flest allar þær frístundir sem hægt er að stunda í sumar fyrir börn í sveitarfélaginu. Það á engum eftir að leiðast í sumar. Eins og gengur og gerist þá er mismikill áhugi á hinum og þessum frístundum og búast má alveg við því að eitthvað sem í boði er muni falla niður vegna lítillar aðsóknar. Ég vona hinsvegar það besta og er bara þokkalega sátt við vinnu mína í kringum þennan net-bækling. Mín einlæga ósk er sú að vera komin með allar upplýsingar fyrir næsta sumar það snemma að hægt verði að auglýsa frístundina ekki seinna en í maí og þá einnig á fleiri tungumálum.

Hornafjörður 22.6.2020

Herdís I Waage

Tómstundafulltrúi